

Reykjavík, 17. apríl 2023

Bæjarráð Reykjanesbæjar
Tjarnargötu 12
230 Reykjanesbæ

Efni: Umsókn um styrk fyrir sumarstarf vegna þátttöku í Ólympíukeppninni í líffræði

Alþjóðleg ólympíukeppni framhaldsskólanema í líffræði verður haldin 3.-11. júlí nk. í Sameinuðu Arabísku Furstadæmunum. Ísland tekur nú í áttunda sinn þátt í Ólympíukeppninni. Landslið fjögurra framhaldsskólanema tekur þátt undir leiðsögn íslenskra þjálfara. Sótt er um styrk frá Reykjanesbæ til að Sunneva Eldbjörg Sigtryggsdóttir (kt. 030404-2030) geti notað sumarið til undirbúnings fyrir keppnina.

Val nemenda í landsliðið í líffræði fer þannig fram að fyrst er haldið forval þar sem öllum framhaldsskólanemum landsins býðst að taka þátt. Forvalið fór fram í janúar síðastliðnum. Þátt tóku um 200 nemendur úr tíu framhaldsskólum. Tuttugu stigahæstu keppendurnir komast áfram í úrslitakeppni. Úrslitakeppnin var haldin í febrúar í Háskóla Íslands. Fjórir stigahæstu nemendurnir í úrslitakeppninni vinna sér sæti í landsliðinu. Einn ungur njarðvíkingur valdist í landsliðið að þessu sinni, en það er áður nefnd Sunneva Eldbjörg.

Eftir að landsliðið hefur verið valið tekur við þjálfun keppenda. Þjálfunin felst í bóklegum og verklegum æfingum auk þess sem nemendur munu stunda stíft sjálfsnám til að undirbúa sig fyrir keppnina. Þjálfunartímabilið hefst formlega 31. maí og stendur fram að keppni, 3. júlí. Undirbúningur og þátttaka í keppninni er tímafrek og skerðir möguleika nemenda á að stunda önnur sumarstörf. Því hefur myndast sú venja að sveitarfélög styrki meðlimi landsliðsins með ígildi sumarlauna, líkt og um sumarstarfsmann sveitarfélagsins væri um að ræða. Þetta er í fyrsta sinn sem Reyknesingur velst í liðið og er því ekki komin hefð fyrir því að Reykjanesbær veiti þennan styrk. Önnur sveitarfélög, t.d. Reykjavík, Mosfellsbær, Kópavogur og Garðabær hafa áður tekið þátt í þessu, og í ár mun Reykjavík ráða hina þrjá meðlimi liðsins í sumarstarf. Háskóli Íslands útvegar keppendum vinnuaðstöðu.

Ólympíukeppnin fer þannig fram að þreytt eru samtals 6 klst. fræðileg próf og 6 klst. verkleg próf. Nemendur frá um 70 löndum taka þátt í keppninni. Þeir fara í gegnum strangt nám og mikla þjálfun fyrir keppnina enda leggja flestar þátttökuþjóðanna mikið upp úr góðum árangri nemenda í keppninni og miklir persónulegir hagsmunir eru í húfi fyrir nemendur margra þjóða að standa sig vel, enda geta verðlaun í svona keppni styrkt stöðu þeirra í harðri samkeppni um háskólanám í þeirra löndum.

Hér á Ísland er e.t.v. minna í húfi en víða annars staðar. Engu að síður felast í þátttöku í keppni sem þessari miklir möguleikar bæði fyrir einstaka nemendur og fyrir kennslu í viðkomandi grein. Auk þess sem nemendur læra mjög mikið í líffræði, sem kemur sér vel fyrir nám þeirra og störf í framtíðinni, þá kynnast þeir fjölda ungmenna og vísindamanna hvaðanæva úr heiminum, mynda við þá tengsl og auka verulega við reynslu sína og þekkingu á mismunandi menningarheimum. Þátttaka í keppninni er ekki síður mikilvæg fyrir framgang líffræðikennslu þar sem í undirbúningi fyrir keppnina felst umfangsmikið samstarf milli kennara mismunandi skólastiga og margra framhaldsskóla. Þetta starf veitir kennurum innblástur og þekkingarauka sem skilar sér inn í skólastarfið.

Það er einlæg von okkar að Reykjanesbær sjái sér fært að styrkja Sunnevu Eldbjörgu til þessa starfs. Endilega hafið samband ef frekari upplýsinga er óskað.

Virðingarfyllst,
Arnór Bjarki Svarfdal
f.h. IBO-nefndar Samlífs, samtaka líffræðikennara
arnorba@mr.is, sími 663-7316